

Landsyfirréttardómar 1900.

Mánudaginn 8. janúarmánaðar.

44/1899:

Réttvísinn

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 24. aprílmánaðar þ. á., var hinn ákærði Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinsson á Daðastöðum dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs, til vara í 3 daga einfalt fangelsi, fyrir að hafa látið hjá líða að framkvæma lögtak á prests- og kirkjugjöldum samkvæmt lögtaksúrskurði sýslumanns, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Hinn 17. desbr. 1895 fekk þáverandi prestur á Presthólum, Halldór Bjarnarson, úrskurð sýslumannsins í Þingeyjarsýslu fyrir því, að taka skyldi lögtaki prests- og kirkjugjöld hjá nokkrum

mönnum í Presthólasókn, er þeir áttu óborguð, en komin voru í gjalddaga, kirkjugjöldin 31. desbr. næst á undan, og prestsgjöldin í næstu vordögum á undan. Þegar ákærði tók við hreppstjórn í Presthólahreppi síðari hluta vetrar 1896, fann hann gjaldskrána með áteiknaðri lögtaks-skipun meðal hreppstjórnarskjalanna. Ákærði sjálfur stóð á þessari skrá meðal þeirra, er áttu ólok-in gjöld, og var hann hæsti gjaldandinn. Ákærði fór skömmu síðar til Halldórs prests til þess að tala við hann um gjald sitt, sem honum þótti of hátt. Um þetta urðu þeir þá eigi sammála, hann og prestur. Um sömu mundir borguðu allir, sem á listanum stóðu, gjöld sín, nema ákærði og annar nafngreindur maður. Gjaldaskráin með lögtaksúrskurðinum lá síðan hjá ákærði þangað til í ágústmánuði næst á eftir; þá afhenti ákærði síra Halldóri hana eftir kröfu hans. En í desembermánuði s. á. (1896) sendi síra Halldór ákærða með bréfi dags. 5. desbr. nýja skrá yfir ólokin prests- og kirkjugjöld í Presthólaprestakalli fyrir hið síðastliðna fardagaár með áteiknuðum lögtaksúrskurði sýslumanns, dags. 11. júlí s. á., og jafnframt endursendi hann eldri gjaldaskrána. Virðist hann þá hafa krafist lögtaks á öllum hinum ógreiddum gjöldum eftir báðum skránum, en eftir hinni eldri skránni voru þá að eins 2 gjaldendur í skuld, ákærði og annar búandi í prestakallinu. Ákærði hefir skýrt frá því, að hann hafi þá átt tal við alla þá, sem lögtak átti að gjöra hjá, og hafi þeir tjáð sig fúsa að greiða gjöldin, ef þeir fengju

venjulega reikninga yfir þau frá gjaldheimtu-
manni. Hafi hann þá eigi framkvæmt lögtökin
að svo komnu. En hinn 21. jan. næst á eftir
kærði síra Halldór ákærða fyrir amtmanni fyrir
það, að hann hefði látið fyrirfarast að framkvæma
lögtökin, og krafðist þess, að honum væri haldið
til að gjöra skyldu sína í þessu efni. Var síð-
an eftir margvíslegar bréfaskriftir fyrirskipað af
amtmaninum í Norður- og Austuramtinu, að höfða
skyldi sakamál gegn ákærða fyrir að hafa látið
fyrirfarast að framkvæma hin umræddu lögtök,
og er skipun amtmannsins dagsett 27. júlí f. á.
Þessu sakamáli lauk, eins og áður segir, með hin-
um áfrýjanda dómi aukaréttar Þingeyjarsýslu.

Eftir prófunum hefir ákærði látið farast fyrir
að framkvæma fyrirskipuð lögtök, og hefir hann
fært ýmsar ásæður fyrir því, hvað til þessa hafi
komið, svo sem að gjaldþegnar hafi enga reikn-
inga fengið frá presti yfir gjöldin, að þeir hafi
verið fúsir á að borga, hvenær sem þeir fengju
reikninga, að flestir þeir, er á eldri gjaldaskránni
standa, hafi borgað gjöldin vorið 1896, að mjög
mikill óþarfakostnaður hafi lagst á gjöldin, við
það að óviðkomandi stefnuvottar úr annari sveit
hafi verið teknir til að birta lögtaksskipunina, og
hafi það verið að ástæðulausu. Þó að þessar á-
stæður hins ákærða eigi geti orðið teknar til greina
sem fullgildar sýknunarástæður, þá verður þó á
það að líta, að hinn ákærði, sem nýkominn var í
hrepstjórastöðu og er ómentaður alþýðumaður,

fekk eigi, svo séð verði af skjölum málsins, neina aðra eða frekari skipun frá yfirvöldunum um að framkvæma lögtökin en hina almennu lögtaksskipun, sem á gjaldaskránni stendur, og að hann eigi fékk aðhald eða leiðbeiningu um það frá æðri yfirvöldum, að honum væri skylt að framkvæma lögtökin, þótt honum þætti eitthvað athugavert í því efni. Þar sem hinum ákærða hreppstjóra þannig eigi hefir verið haldið til þess af hlutaðeigandi yfirvaldi að framkvæma lögtaksskipunina, má ætla að undandráttur hans stafi af misskilningi, en ekki af óhlýðni, vanrækt eða hirðuleysi. Það þykir því eiga að sýkna hinn ákærða fyrir kröfum sóknarans í máli þessu og skal greiða af almannafé allan sakarkostnaðinn, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Þorsteinn hreppstjóri Þorsteinson skal vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirrétti, greiðist úr landssjóði, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.